

Tilvísun í mál: **R21070162**

BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um meiri virkni í Árbæjarsafni - R21070162

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til blásið verði meira lífi í Árbæjarsafn og svæðið þar í kring. Enda þótt eitt og annað sé þar á döfnni fer lítið fyrir Árbæjarsafni í hugum margra. Fulltrúi Flokks fólksins telur að viðburðir sem þar eru mættu vera fleiri. Sem dæmi er dagskrá fyrir skipulagða viðburði aðeins á sunnudögum og þriðjudögum enda þótt safnið sé opið alla daga yfir sumarið. Lagt er til að þarna verði vikulegur markaður og meira um að vera en nú enda bíður svæðið í heild sinni upp á mikla möguleika. Vel mætti hugsa sér að hafa þarna kaffihús og krá ef því er að skipta og fjölbreyttar uppákomur sem laða fólk að og veita því ánægju. Árbæjarsafnshúsin og svæðið allt í kring er einstakt og ætti það að vera metnaður borgarmeirihlutans og þeirra sem hafa umsjón með safninu og svæðinu að sem flestir komi þangað til að njóta húsakynna og umhverfis. Fegurð og saga staðarins í bland við markaði, veitingasölu, og styttri viðburði og fleira í þeim dúr er eitthvað sem laðar að og gefur staðnum líf. Fjölga mætti litlum leiktækjum og stilla upp fleiri afþreyingarmöguleikum sem henta þarna. Fulltrúi Flokks fólksins hvetur borgaryfirvöld að gefa þessu gaum enda svæði sem tilheyrir okkur öllum.

Svar við erindi:

Safnstjóri Borgarsögusafns fagnar tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um meiri virkni Árbæjarsafns og hvatningu til borgaryfirvalda að gefa safninu aukinn gaum, í þágu borgarbúa. Safnstjóri tekur undir margt af því sem fram kemur í erindinu og er þakklátur fyrir þann áhuga sem safnið fær og augljósan hlýhug fulltrúa Flokks fólksins í garð þess. Það er dýrmætt og öllum mikil hvatning.

Safnstjóri telur rétt að bregða ljósi á ýmsa þætti er efnið varðar og koma fram í erindinu:

- Árbæjarsafn er eitt vinsælasta safn landsins og kemur iðulega ákaflega vel út í gestakönnunum sem framkvæmdar eru á safninu, sem og þjónustukönnunum sem gerðar eru á vegum Reykjavíkurborgar (t.a.m. voru 85,8% borgarbúa ánægðir og mjög ánægðir í síðustu könnun – sjá Þjónustukönnun Reykjavíkurborgar 11. maí 2020). Hefur það verið okkur starfsfólki safnsins mikil hvatning og staðfesting þess að við séum á réttri leið.
- Mikill metnaður hefur alla tíð verið lagður í það að draga fram sérstöðu Árbæjarsafns sem útisafn og ekki síður sem barnvænt safn, þar sem tækifæri er til að bjóða upp á ýmsa fjölbreytta viðburði og er það markmið safnsins að efna til sem mests samráðs í þeim efnunum. Í því sambandi má nefna samstarf við félagasamtök og fyrirtæki, s.s. sýningar í samvinnu við Nóa-Síríus á síðasta ári og Heimilisiðnaðarfélag Íslands á þessu ári, einnig viðburðadagskrá í samvinnu við Verslunarmannafélag Reykjavíkur um verslunarmannahelgina í sumar (í tilefni 130 ára afmælis) og skátahreyfinguna núna í haust.
- Unnið er samkvæmt viðburðastefnu Borgarsögusafns Reykjavíkur, með hliðsjón af menningarstefnu borgarinnar. Sérstaða Árbæjarsafns sem útisafn er mikilvæg og rýnt er í þá

möguleika sem það býður upp á. Leiðsögufólk safnsins er klætt búningum sem tengjast tíðarandanum sem dreginn er fram á safninu og mikið er lagt upp úr stemningu, upplifun gesta og skynjun á fortíðinni.

- Áhersla er lögð á að sumardagskrá Árbæjarsafns sé fjölbreytt og höfði til sem flestra og hefur það skilað sér í mikilli aðsókn og góðum viðbrögðum. Hér má nefna jólasýningu Árbæjarsafns, hefðbundna handverksdaga, harmónikkuhátíð, heyannir og smiðjur fyrir börn, en einnig nýlega viðburði svo sem Hrekkjavöku og Sirkushátíð, að ónefndri Barnameningarhátíð sem hefur stórum hluta farið fram á safninu sl. 2 ár. Hefð er fyrir því að stærstu viðburðir Árbæjarsafns séu á sunnudögum, en það hefur sýnt sig að sá tími hentar markhópi þeirra best, en það eru heimamenn, fjölskyldur og börn.
- Heimsfaraldur Covid-19 markaði mjög starf Borgarsögusafns í heild á árunum 2019 og 2020. Mikil fækkun gesta átti sér stað á öllum stöðum safnsins og tekjufall samhliða því, m.a. Árbæjarsafni, enda þurfti að glíma við bæði lokanir á hluta þess tíma og mismunandi fjöldatakmarkanir. Þetta hefur gert allt viðburðastarf afar snúið og þörf hefur verið á að sníða dagskrá og viðburði safnsins að gildandi sóttvarnatilmælum, stundum draga úr umfangi og jafnvel fella niður einstaka viðburði, t.d. Rokk og ról og Fornbíladaginn, sem iðulega er afar fjölmennur og ráðgerður var í júlí í ár. Engu að síður hefur almennt tekist að halda viðburðadagskrá nokkuð samkvæmt áætlun.
- Í einföldu máli má skipta gestahópum Árbæjarsafns í þrennt, erlendir gestir, heimamenn og svo börn. Í venjulegu árferðir eru erlendir gestir um þriðjungur gesta safnsins á ársgrundvelli. Þjónusta við erlenda gesti felst fyrst og fremst í aðgengi að sýningum og því sem safnið hefur upp á að bjóða, s.s. með upplýsingaskiltum og merkingum, sem og stafrænum leiðsögnum og því sem nýtur mestra vinsælda, ferðum um safnið undir leiðsögn starfsfólks. Er það mikið nýtt, ekki síst af ferðarþjónustufyrirtækjum. Heimamenn eru svo um þriðjungur gesta og þjónusta við þann hóp er af svipuðum toga, auk þeirra viðburðadagskrár sem boðið er upp á og hér hefur verið tíunduð. Mikill fjöldi barna heimsækir Árbæjarsafn ár hvert, safnið er sívinsæll viðkomustaður skólahópa og annast fræðslufulltrúar safnsins sérútbúna dagskrá fyrir skólahópa og gætt er að fjölbreytni í þeim efnum, allt eftir ólíkum skólastigum og áherslum. Sú dagskrá er í boði á haustin, um vetur og vor, en á sumrin er lögð áhersla á að þjónusta leikskólahópa og leikjanámskeið.
- Verið er að leggja drög að bæði haustmarkaði á Árbæjarsafni og jólamarkaði, sem einmitt er tillaga í íbúakosningunni Betra hverfi. Nú er unnið að því á safninu að smíða lítinn söluskála sem bæta mun aðstöðu til slíkrar starfsemi. Ef af verður mun fjármagn sem íbúakosningu fylgir gera safninu mögulegt að þróa það áfram.
- Í þeirri vinnu sem unnin hefur verið síðustu áratugi varðandi þróun Árbæjarsafns og safnsvæðisins gætir mikillar samfellu, þar sem grundvallarhugmyndir varðandi útisöfn hafa verið hafðar að leiðarljósi, s.s. varðandi heimildavinnu og sanngildi er viðkemur viðgerð safnhúsa og sögulegra garða. Leiksvæði og afþreying tekur mið af því og má í því sambandi benda á kassabíla á svæðinu sem eru að gamalli fyrirmynd, skautasleða og stultur, sem og leiksvæði við Landakot (gamla ÍR-húsið) er tekur mið af róluvöllum borgarinnar um miðja síðustu öld, en þess er þó gætt að nútíma öryggisviðmiðum sé mætt. Jafnframt hafa verið byggð upp á safninu útisvæði, s.s. grillundur norðan Árbæjar og í vinnslu er nk. útikennslustofa og leiksvæði sem hefur skírskotun í forna álfatrú landsmanna – og byggir því á sögulegum grunni, ef svo má segja.

- Á safninu er nú þegar starfrækt kaffihús, Dillonshús sem áður stóð við Suðurgötu og nýtur það mikilla vinsælda. Vissulega er húsið, líkt og flest safnhúsin, heldur lítið og þröngt, en gestir geta þó setið í fallegu umhverfi á þar til gerðu svæði sunnan við húsið og hefur það mikinn sjarma. Það hefur verið misjafnt eftir rekstraraðilum hvort vínveitingar séu í boði, en slík veitingasala hefur þó ekki verið fyrirferðarmikil, enda má velta því fyrir sér hvort slíkt sé í anda safns sem leggur áherslu á barnastarf.
- Það er vissulega margt í boði á Árbæjarsafni ár hvert (a.m.k. í venjulegu árferði), en án efa má gera enn betur í þeim efnum og ekki skortir áhuga eða vilja til þess. Þó er vert að benda á, að reynt er að dreifa fjármagni og starfskröftum varðandi viðburðahald á milli allra starfsstöðva Borgarsögusafns (sem eru auk Árbæjarsafns, Sjóminjasafnið í Reykjavík, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Viðey og Landnámssýningin – auk annarra viðburða sem safnið stendur fyrir, s.s. sögugöngum í hverfum borgarinnar) og væri auknu fé til þeirra mála tekið fagnandi.
- Helstu áskoranir sem Árbæjarsafn stendur frammi fyrir á komandi misserum snúa að faglegu viðhald safnhúsanna, en brýnt er að sinna því vel svo ekki komi til viðgerða. Jafnframt almennri umhirða safnsvæðis sem er orðið ákaflega blómlegt og gróður er nánast farinn að vaxa fólki yfir höfuð. Rétt er þó að taka fram að ágætt samstarf hefur verið við garðyrkjudeild borgarinnar, sem er með bækistöð í Elliðaárdal. Það mætti þó gjarnan efla enn frekar. Í framtíðinni væri svo rétt að huga að betri tengingu Árbæjarsafns við Elliðaárdal. Í því sambandi má tala um tvær af þeim borgarinnar er tilheyra öllum borgarbúum og gestum borgarinnar, svæði sem liggja þétt saman og ættu að geta nýst öllum sem best, því í þeim felast mikil lífsgæði.

Guðbrandur Benediktsson,
safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur